



Kjaradeilusjóður FÍN

Ársreikningur 2016

Borgartúni 6
105 Reykjavík

Kt. 510501-3060

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	6

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og framkvæmdastjóra í Kjaradeilusjóði FÍN

Skýrsla um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjaradeilusjóðs FÍN fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2016, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Vegna þeirra atriða sem nánar er fjallað um í kaflanum um ástæður fyrir áritun án álits gátum við ekki framkvæmt endurskoðun rekstrarreiknings fyrir árið 2016 í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Ástæður fyrir áritun án álits á rekstrarreikning

Við höfum ekki endurskoðað ársreikning félagsins fyrir árið 2015 né heldur opunarstöður 2016 og þar af leiðandi ekki rekstraráhrif þeirra á árinu 2016.

Álit á efnahagsreikningi

Það er álit okkar að efnahagsreikningurinn gefi glögga mynd af efnahag félagsins 31. desember 2016 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Kjaradeilusjóði FÍN í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Kjaradeilusjóðs FÍN og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagaslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum.

Reykjavík 13. mars 2017


Valgerður Kristjánsdóttir

löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var tap ársins 2016 kr. 2.916.458. Hrein eign sjóðsins í árslok nam kr. 298.090.749. Eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn Kjaradeilusjóðs FÍN og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík 13. mars 2017

Sigrún "Ósp" Sigrúnardóttir
Marianne St. St.
Páll Halldórsson
Þjótur Þjótsson
Ine Bratz Hjalmsdóttir

Rekstrarreikningur 2016

Rekstrartekjur	Skýr.	2016	2015
lðgjöld		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Rekstrargjöld			
Veittir styrkir		<u>9.475.996</u>	<u>65.523.567</u>
		<u>9.475.996</u>	<u>65.523.567</u>
	Rekstrartap	(9.475.996)	(65.523.567)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		567.288	189.041
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(784.857)	(364.130)
Hagnaður (tap) verðbréfum	2	<u>6.777.107</u>	<u>29.239.944</u>
		<u>6.559.538</u>	<u>29.064.855</u>
	Tap ársins	<u>(2.916.458)</u>	<u>(36.458.712)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir

	Skýr.	2016	2015
Veltufjármunir			
Verðbréfaeign	2	293.751.428	298.931.943
Handbært fé		4.814.139	2.530.129
Veltufjármunir samtals		<u>298.565.567</u>	<u>301.462.072</u>
Eignir samtals		<u>298.565.567</u>	<u>301.462.072</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Eigið fé í upphafi	301.007.207	337.465.919
Tap ársins	(2.916.458)	(36.458.712)
Eigið fé samtals	<u>298.090.749</u>	<u>301.007.207</u>

Skammtímaskuldir

Skuld við FÍN	474.818	454.865
Skammtímaskuldir samtals	<u>474.818</u>	<u>454.865</u>
Skuldir samtals	<u>474.818</u>	<u>454.865</u>

Eigið fé og skuldir samtals	<u>298.565.567</u>	<u>301.462.072</u>
------------------------------------	--------------------	--------------------

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur sjóðsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Tekjur

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

2. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign er flokkuð sem fjáreign tilgreind á gangvirði í gegnum rekstur við upphaflega skráningu og færast gangvirðisbreytingar á rekstrarreikning sjóðsins.

	<u>2016</u>	<u>2015</u>
Arion banki	191.113.926	191.324.950
Íslensk verðbréf	102.637.502	78.506.423
Sparisjóður Suður Þingeyinga	0	29.100.570
	<u>293.751.428</u>	<u>298.931.943</u>

Gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning greinast þannig:

	<u>2016</u>	<u>2015</u>
Arion banki	3.964.410	20.926.125
Íslensk verðbréf	3.676.480	6.493.168
Sparisjóður Suður Þingeyinga		1.820.651
Samtals	<u>7.640.890</u>	<u>29.239.944</u>